

Íslenskur iðnaður

6. tölublað 16. árg.

Júní 2010

Samtök iðnaðarins

SI

Ný samtök fyrirtækja í grænni tækni



Ný stjórn og varastjórn talið frá vinstri, Eiríkur Sveinn Hrafnsson, Freyr Hólm Ketilsson, Ásbjörn Torfason, Guðný Reimarsdóttir, Jón Ágúst Þorsteinsson, formaður og Ingvar Kristinsson. Á myndina vantar K.C. Tran.

Samtök fyrirtækja í grænni tækni, Clean Tech Iceland, voru stofnuð 1. júní sl. Að stofnuninni stóðu Samtök iðnaðarins og fyrirtæki sem vinna að þróun og markaðssetningu á grænni tækni. Samtökin munu starfa sem starfsgreinahópur innan SI.

Hugmyndir um stofnun slíkra samtaka hafa verið uppi um nokkurt skeið en mikil gróska er í málum er snúa að grænni tækni og hreinni orku. Síðastliðið haust fóru SI ásamt fleiri aðilum í

stefnumótun á þessu sviði. Þar kom m.a. fram áhugi á að auka samstarf fyrirtækja sem eru að þróa nýja umhverfistækni.

Meðal þess sem samtökin munu vinna að er að styrkja netverk fyrirtækjanna, auka samstarf og deila þekkingu og reynslu. Áherslurnar liggja á mörgum sviðum einkum í markaðsmálum, menntamálum, varðandi fjármögnun, þátttöku í norrænu starfi og vera stjórnvöldum til stuðnings við stefnumótun.

Launafl fyrstir með B-vottun



Launafl ehf. hefur náð þeim árangri að fá B-vottun SI fyrst allra fyrirtækja á Íslandi. Vottunin staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflugum verkþókhaldi verkfundum, ýtarlegum starfslýsingum, góðri skipulags og eftirlitsáætlun, ásamt mikilli sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum. Með vottuninni uppfylla þeir að öllu leyti kröfur opinberra verkkaupa um gæðatryggingu í útboðum til verklegra framkvæmda.

framhald á bls. 3

Ferdinand Hansen gæðastjóri SI afhendir Ásgrími Ásgrímssyni hjá Launafl B-vottunar skjalið



IÐNIR KRAKKAR

Út er komin barnabókin IÐNIR KRAKKAR með texta og myndum eftir Sigrúnu Eldjárn. Í henni er sagt frá systkinunum Siggú Láru og Kára sem skoða nýja húsið sem

þau flytjast bráðum í. Þar lenda þau í ævintýrum og kynnst því sem iðnaðarmenn gera.

Útgefandi er IÐNÚ. Bókin er gefin út með styrk frá Samtökum iðnaðarins. Henni verður dreift til grunnskóla í haust.



Héðinn hf. með ISO 9001 vottun

Gæðastjórnunarkerfi Héðins hf. hafa verið vottuð samkvæmt ISO 9001 staðlinum. Héðinn er fyrsta fyrirtækið í málmiðnaði og véltækni hér á landi til að hljóta þessa vottun.

British Standards Institute annaðist vottunarferlið hjá Héðni, en það tók aðeins sex mánuði.

framhald á bls. 4

bls. 2



Krossgötur og tímamót

bls. 3



Nýbreytni SI í iðnmeistaránámi

bls. 5



Úthlutun Tækniþróunarsjóðs

bls. 7



Hluti 1. verðlaun í Finnlandi

bls. 7



Yfir 5000 glös seld á einum mánuði

Krossgötur og tímamót



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

Þann 17. júní gleðjumst við yfir því að vera sjálfstæð og fullvalda þjóð. Vissulega er þakkarvert að geta með sannni sagt að smáríki á borð við Ísland hafi burði til þess að standa á eigin fótum og hafi að mörgu leyti staðið sig vel og búið vel að þegnum sínum.

Viðurkenning fyrir Ísland

Sjálfstæði og fullveldi þýðir hins vegar ekki að þar með sé hægt að ráða eigin örlögum í einu og öllu – því fer fjarri. Þjóðir heimsins verða sífellt háðari hver annarri og verða að ráða sameiginlega fram úr margvíslegum málum. Þar ríður á að geta sýnt sveigjanleika og hæfileika til málamiðlana til þess að ná settu marki. Til þess verður að deila valdi og áhrifum.

Það er því gleðiefni að einmitt þennan dag árið 2010 skuli 27 aðrar sjálfstæðar og fullvalda þjóðir bjóða Ísland velkomið til samningaviðræðna um að gerast aðili að nánasta og víðtækasta samstarfi sem þjóðir eiga með sér. Evrópusambandið felst þar með á beiðni Alþingis og ríkisstjórnarinnar. Það er ekki lítil viðurkenning fyrir land eins og Ísland.

Vanda skal ...

Nú ríður á að vanda samningaviðræðurnar og að allir sameinist um það markmið að ná góðum samningi fyrir heildarhagsmunum Íslands. Rétt er að minna á ályktanir tveggja síðustu Iðnþinga um þessi efni.

Í mars 2009 sagði: „Margt bendir til að íslenskt efnahagskerfi geti ekki staðið eitt og sér og stuðst við eigin gjaldmiðil ef Íslendingar ætla sér að vera í framvarðasveit þjóða í hagsæld og lífsgæðum. Til þess að svo megi verða þarf í senn að leysa þann bráðavanda sem að steðjar og marka stefnu til framtíðar.

Mikilvægur og ómissandi þáttur er grundvallarbreyting í peningamálum og stjórn efnahagsmála. Þar er eina raunhæfa leiðin að ganga í ESB og taka upp evru.“

Í mars 2010 sagði: „Ísland hefur sótt um aðild að ESB og samningaviðræður hefjast innan skamms. Áriðandi er að samningaferlið verði opið og gagnsætt og kappkostað verði að ná niðurstöðu þar sem heildarhagsmunir bæði fólks og fyrirtækja verði hafðir að leiðarljósi.“

Samtök iðnaðarins hafa alla tíð beitt sér fyrir málefnalegri umræðu og upplýsingamiðlun um Evrópumálin og þýðingu aðildar fyrir iðnaðinn og Ísland. SI munu með sama hætti leggja sitt af mörkum í sjálfu samningaferlinu og síðan í umræðu um aðildarsamninginn þegar hann liggur fyrir.

Ekki sakar að minna á að 17. júní verður haldinn hátíðlegur á Íslandi um ókomna tíð. Það mun ekki breytast við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Íslendingar eru og verða Íslendingar.

Uppbygging ...

Forsenda þess að unnt sé að endurlesa velferð og viðhalda henni er að atvinnulífið fái góð skilyrði til vaxtar en um leið stöðugleika í efnahagsumgjörðinni. Efnahagslegar kollsteypur af því tagi sem við höfum mátt þola og hafa magnast margfalt vegna krónunnar og peningamálastefnunnar mega ekki endurtaka sig.

Forgangsverkefni okkar á öllum vígstöðvum á að vera að byggja upp greinar og fyrirtæki sem skapa þjóðinni gjaldreyristekjur með starfsemi sem byggir á miklum mannauði og virðisauka. Þetta er eina færa leiðin sem við eigum.

Það er hættulegt að skerða getu menntakerfisins til þess að skila atvinnulífinu fólki sem getur tekist á við verkefni

í þessum fyrirtækjum. Við eigum að vera óhrædd við að forgangsraða í þágu framtíðarinnar í menntakerfinu. Sama gildir um að grípa tækifærið til þess að gefa atvinnulausum tækifæri til þess að mennta sig, endurmennta eða umskóla sig frá grunni.

Á krossgötum blasa tækifærin við. Nú ríður á að hafa vit á að velja rétta leið og sameinast um hana - ekki þrasa um hvort fara á til hægri eða vinstri.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
6. tfl. 16. árg. Júní 2010
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 21.6.2010
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Nýbreytni SI í iðnmeistaránámi



Samtök iðnaðarins hafa undanfarin missiri beitt sér fyrir endurnýjun iðnmeistaránáms. Tryggja þarf að þekking og færni iðnmeistara sé í samræmi við kröfur markaðarins.

Á Menntadegi iðnaðarins í febrúar voru áherslurnar kynntar. Auk þess hafa þær verið kynntar í menntanefnd SI, menntamálaráðuneytinu og nú síðast hjá starfsgreinaráði farartækja- og flutningsgreina.

Stöðugt eru gerðar meiri kröfur til iðnfyrirtækja. Þau þurfa að uppfylla margvíslegar kröfur markaðar og yfirvalda. Starfsemi þeirra er háð ýmsum skilyrðum, m.a. öryggis- og heilbrigðisáætlanum. Í byggingariðnaði eru kröfurnar strangari en í mörgum öðrum greinum. Tryggja þarf að sá sem lýkur iðnmeistaránámi hafi á takteinum færni og þekkingu til þess að reka fyrirtæki með hliðsjón af þessum kröfum. Gæðakerfi verktaka og alþjóðlegir stjórnunarstaðlar eru notuð sem vinnutæki.

Samtök iðnaðarins leggja til þriggja skrefa nám iðnmeistara. Fyrsta skrefið felur í sér meistarapróf sem þjóna á flestum iðngreinum. Annað skrefið er sértækt nám fyrir einstakar iðngreinar og iðngreinaflokk. Þriðja skrefið felur í sér byggingastjóraréttindi og hugsanlega sambærileg sértæk réttindi í öðrum iðngreinaflokkum.

Iðnmeistaránámið skal gegnsýrt af gæðahugsun. Námskrá, námsefni, kennsla og aðrir þættir menntunarinnar skulu metnir á eins hlutlægan hátt og kostur er. Fýsilegt er að nota til þess gæðakerfið ISO 9001.

Vonir SI standa til þess að unnt verði að ýta breyttu iðnmeistaránámi úr vör haustið 2010. Tækniskólinn hefur átt viðræður við menntamálaráðuneytið þar um. Sjá nánar um tillögur SI að nýbreytni iðnmeistaránáms: www.si.is/ meistaránam.

Frh. af forsíðu
Launafll
fyrstir
með
B-vottun



Launafll hóf vottunarferlið á síðasta ári. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til hjá þeim en fyrirtæki fékk D-vottun í júní 2009, C-vottun í desember og nú B-vottun í byrjun júní.

Ásgrímur Ásgrímsson, gæða- og öryggisstjóri Launaflls er ánægður með hvernig til hefur tekist og segir samstarfið við SI hafa verið uppbyggjandi og fræðandi frá fyrsta degi. „Þetta vottunarferli er mjög spennandi á allan máta og gerir alla vinnu skilvirkari. Rekjanleiki gagna er orðin einfaldari og þessar vottanir hafa komið á föstum verklagsreglum sem við höfum samkvæmt B-vottun tileinkað okkur“.

Ásgrímur segir Launafll vinna í sérstöku umhverfi en Alcoa Fjarðaál (AF) er stærsti viðskiptavinur fyrirtækisins.

„Alcoa er kröfuharður verkkaupi og regluverkið í kringum þá mikið. Það að hafa gott gæðakerfi hjá félaginu er því að þakka að samstarfið við AF gengur að mestu hnökralaust fyrir sig.“

Alcoa gerir kröfur til sinna verktaka að þeir uppfylli vissa umhverfis-, heilsu- og öryggisstaðla (UHÖ) og þurfa allir verktakar að standast úttekt. „Hluti af þeim staðli er að verktakar hafi skráða stefnu í UHÖ málum og Launafll hefur kappkostað að vera fremstir í þeim málum almennt hér á Austurlandi og veitir meðal annars ráðgjöf í gerð áhættugreininga, umhverfis-, heilsu- og öryggisstefnugæð“, segir Ásgrímur. Við afhendingu B-vottunarinnar gaf Launafll út öryggishandbók þar sem stiklað er á stóru varðandi öryggiskröfur og staðla. Bókin verður aðgengileg á vefsetri fyrirtækisins launafll.is innan skamms.

Launafll var stofnað árið 2006 af sex öflugum iðnfyrirtækjum á Austurlandi. Aðaltilgangur félagsins var fyrst og fremst að þjóna Alcoa Fjarðaál í Fjarðabyggð á sviði rafviðgerða, málmsmíði og vélavíðgerða.

Starfsemi félagsins hefur breyst frá því að vera hattur fyrir þau aðildarfélög sem stofnuðu félagið í öflugt iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð sem getur boðið upp á flesta þá þjónustu sem iðnfyrirtæki þarf að inna af hendi. Starfsmönnum Launaflls hefur fjölgað úr nokkrum í um 105 í dag.

Fjárfestingar á sviði líftækni

Hópur norrænna fjárfesta á sviði líftækni fundaði hérlandis í vor. Að fundinum stóðu Arkea, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Samtök íslenskra líftækni-fyrirtækja. Þátttakendur voru frá sex fjárfestingarsjóðum, sem starfa á öllum hinum fjórum Norðurlandanna. Hópurinn fundaði hér í tvo daga og var hluti fundarins opinn öllum félagsmönnum í Samtökum íslenskra líftækni-fyrirtækja.

Aðalfyrirlasari var Stephan Christgau, yfirmaður fjárfestinga hjá Novo Seeds AS en hann starfar með dönskum líftækni-fyrirtækjum. Fyrirtækin Orf líftækni og Roche NimbleGen kynntu starfsemi sína og greindu frá vexti líftækni-fyrirtækja hérlandis. Hópurinn heimsótti Bláa Lónið og kynnti sér líftækni-rannsóknir þeirra og heilsuvöruframleiðslu.

Vel sóttur fundur um stuðningssumhverfi í nýsköpun



Um 200 manns sóttu kynningarfundur um stuðningsumhverfi nýsköpunar sem haldinn var á Grand Hótel 26. maí í tilefni af evrópsku fyrirtækjavikunni 2010.

Helstu nýjungar í stuðningsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja voru kynntar, þ.á.m. framkvæmd laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Að lokinni sameiginlegri dagskrá skiptu þátttakendur sér á tvær málstofur, annars vegar fyrir einstaklinga með nýjar viðskiptahugmyndir og fyrirtæki í startholunum og hins vegar fyrir þroskaðri sprotafyrirtæki og fyrirtæki í nýsköpun til að ræða nánar um þarfir og reynslu fyrirtækja á ólíkum stöðum í þróunarferlinu. Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, og Útflutningsráð ásamt Hátekni- og sprotavettvangi stóðu að fundinum í tilfni af evrópsku fyrirtækjavikunni SME

Week 2010 sem haldin var hátíðleg um alla Evrópu dagana 25. maí – 1. júní.

Fulltrúar fyrirtækjanna *CLARA, Knitting Iceland, Gogogic, Nox Medical, Marorka, Bláa Lónið, Transmit, Remake Electric og Studio Bility* miðluðu af reynslu sinni. Í tengslum við málstofurnar kynntu hátt í tuttugu aðilar úr stuðningsumhverfinu þjónustu sína, en umræðurnar í málstofunum voru m.a. um reynsluna af þessu stuðningsumhverfi. Gerð var yfirlitsmynd yfir þarfir og dæmigerðan þróunarferil nýsköpunarfyrirtækis.

Í tilefni af fundinum var tekinn saman upplýsingapakki með yfirliti um það helsta sem stuðningsumhverfið hefur upp á að bjóða. Hægt er að nálgast upplýsingapakkan og horfa á upptökur frá fundinum á vef Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, www.nmi.is.

HÉÐINN

Framhald af forsiðu
Héðinn hf. með ISO 9001 vottun

Örn Alexandersson frá BSI afhenti Guðmundi Sveinssyni framkvæmdastjóra Héðins formlega staðfestingu um vottun fyrirtækisins.

ISO 9001 vottunin staðfestir að Héðinn nálgast ferlastjórnun á verkefnum með kerfisbundnum hætti. Ferlar eru festir í sessi og skjalfestir, sem þýðir að þeir sem kaupa ákveðna þjónustu eiga alltaf að fá sambærilega þjónustu. Með vottuninni hlýtur Héðinn alþjóðlega viðurkenningu á stjórnkerfi sínu sem veur traust á erlendum mörkuðum og ætti að auðvelda öflun verkefna á þeim vettvangi. Fyrirtæki með slíka vottun uppfylla að öllu leyti kröfur opinberra verkkaupa á Íslandi um gæðastjórnun.

„Við vorum með öflugt þriggja manna teymi sem vann að vottuninni og áttum ánægjulegt samstarf við BSI. Þetta skiladði sér í því hvað verkefnið gekk fljótt og vel fyrir sig,“ segir Guðmundur Sveinsson.

Á meðal þeirra verk- og þjónustuþátta í starfsemi Héðins sem eru tilgreindir í ISO 9001 vottunarskjalinu eru hönnun og verkumsjón tæknideildar, málmsmíði og viðgerðir á verkstæðum, viðgerðir hjá véladeild og framkvæmdir hjá viðskiptavinum, hérlendis sem erlendis.


„Þessi vottun skiptir að sjálfsögðu máli fyrir alla viðskiptavinum Héðins. Hún skilar sér í bættu skipulagi, betri skráningu og meiri rekjanleika. Í mörgum stærri verkefnum, ekki síst fyrir orkugeirann og stóriðjuna, er gæðavottun ein af forsendum þess að takast þau á hendur. Sömuleiðis er mikilvægt að hafa þessa vottun frá jafn virtu fyrirtæki og BSI þegar kemur að verkefnum erlendis,“ segir Guðmundur ennfremur.

Hin formlega staðfesting BSI á því að gæðakerfi Héðins uppfylli ISO 9001 er upphafið á stöðugu aðhaldi með verkefnum, til að tryggja að fyrirtækið mæti ávallt kröfum staðalsins. Gæðastjóri Héðins hefur umsjón með þeirri vinnu og sömuleiðis munu sérfræðingar BSI koma með reglulegu millibili til að kanna stöðuna.

Héðinn framleiðir ýmsar vélar og tæki sem þurfa að uppfylla evrópska staðla og tæknisamþykki sem Héðni ber að CE merkja því til staðfestingar. Vottun ISO 9001:2008 eykur trúverðugleika slíkra staðfestinga sem hluti af úttektinni.

Stöðumhverfi nýsköpunar

Uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja – “Nýsköpunarspilið”



Úthlutun Tækniþróunarsjóðs til nýsköpunarverkefna



Það var margmenni í höfuðstöðvum Marel í Garðabæ þegar úthlutun Tækniþróunarsjóðs til nýsköpunarverkefna var kynnt 10. júní. Rannsóknamiðstöð Íslands og iðnaðarráðuneytið stóðu að kynningunni sem var sérlega vel sótt. „Tækniþróunarsjóður er mikilvægasta framlag ríkisins til nýsköpunar í atvinnulífinu,” sagði Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra í ávarpi sínu á fundinum. Hann gegnir lykilhlutverki í að beisla þann frumkvöðlakraft sem risið hefur til nýrra hæða síðustu tvö ár eins og umsóknir til sjóðsins sýna. „Endurreisn efnahagslífsins kemur ekki af sjálfu sér,” sagði ráðherra. „Við þurfum að ráðast í kynningarátak á sjóðnum og þýðingu hans fyrir verðmæta- og atvinnusköpun í landinu. Við þurfum að setja metnaðarfull markmið um verulega stækkun á sjóðnum.”

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP og formaður stjórnar Tækniþróunarsjóðs, tók undir það, enda hafði þriggja milljóna króna styrkur sjóðsins til CCP á upp-



hafsárum haft mikla þýðingu fyrir fyrirtækið. Hann sagðist berjast fyrir því að auka framlög til sjóðsins um 300 milljónir króna, sem mundi skila sér margfalt til baka í öflugum nýjum fyrirtækjum.

Marel var sprottafyrirtæki fyrir 30 árum og hefur notið stuðnings Tækniþróunarsjóðs og forvera hans í gegnum árin. Kristinn Andersen, rannsóknarstjóri Marel, fór yfir sögu þessa samstarfs og nefndi fjölmörg dæmi um nýjungar sem sjóðir RANNÍS hafa styrkt og hafa skilað sér í nýrri tækni og aðferðum sem nú er beitt um allan heim við vinnslu á matvælum.

Í lok athafnarinnar sögðu nokkur sprottafyrirtæki sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum frá verkefnum sínum í stuttu máli. Þau voru ORF Líftækni, Greencloud, Saga Medica, DataMarket og Mobilitus.

Fleira fólk í tæknigreinar

Umsóknarfrestur um skólavist hefur verið framlengdur hjá Háskólanum í Reykjavík til þess að gefa fleirum tækifæri til þess að hefja nám í tækni- og verkfræðigreinum. Samtök iðnaðarins skoruðu á háskóla að framlengja umsóknarfresti í byrjun júní.

„Það er fagnaðarefni að HR skuli hafa brugðist við áskorun okkar,” segir Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

„Við höfum verið að benda á vaxandi þörf tækni- og þekkingarfyrirtækja fyrir fólk með menntun á sviði tækni- og verkfræði. Það blasir við að það vantar fólk með þessa menntun til þess að fyrirtækin geti vaxið og dafnað hér á landi. Slíkur vöxtur er forsenda lífskjara framtíðarinnar. Ég hvet svo sannarlega alla að íhuga að mennta sig á þessum sviðum og nýta sér þetta tækifæri,” segir Jón Steindór.



Virðiskeðja matvæla

Helstu niðurstöður verkefnisins „Umbætur í virðiskeðju matvæla” hafa nú verið teknar saman í skýrslu og birtar á vef Matís, www.matis.is.

Verkefninu var stýrt af Samtökum iðnaðarins og unnið í samstarfi við Kaupás, Norðlenska, Sláturfélag Suðurlands, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Matís og AGR aðgerðagreiningu. Tækniþróunarsjóður styrkti verkefnið. Í verkefninu var sjónum beint að ferli kjötvöru, sem er fremur flókin vinnsla og krefst bæði kælingar og í sumum tilfellum hitunar, í gegnum vinnsluferil og út í gegn um verslun.

Niðurstöðurnar eiga engu að síður að geta nýst í öðrum greinum matvælavinnslu. Framleiðendur eru hvattir til að kynna sér efni skýrslunnar.

Ný og spennandi tækifæri á Flúðum

Samkomulag um stofnun og starfsemi Matarsmiðjunnar á Flúðum var undirrituð um mánaðarmótin á Flúðum. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Háskólafélag Suðurlands, Hrunamannahreppur, Bláskógarbyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Matís og Háskóli Íslands hafa unnið að undirbúningi Matarsmiðjunnar.

Síðustu misseri hefur verið unnið að undirbúningi Matarsmiðju í uppsveitum Árnæssýslu sem verður miðstöð fyrir vöruþróun og fullvinnslu á grænmeti og til að efla fag- og háskólamenntun á svæðinu með kennslu og rannsóknum. Samstarfsaðilar leigja húsnæði á Flúðum og koma upp nauðsynlegri aðstöðu fyrir starfseminna. Ætlunin er að bjóða frumkvöðlum og smáframleiðendum upp á sérfræðiaðstoð til að þróa vörur án þess að leggja út í mikinn kostnað við aðstöðu, búnað og starfsleyfi á meðan verið er að koma vörum á markað.

Meginmarkmið verkefnisins er að byggja upp þróunarsetur fyrir smáframleiðslu matvæla, vöruþróun og rannsóknir á afurðum úr ylraekt á svæðinu og skapa þannig ný og áhugaverð tækifæri á Flúðum og nágrenni. Þannig verður til mikilvægur vettvangur fyrir frumkvöðla



Stefanía Katrín Karlsdóttir, Ísólfr Gylfi Pálmason, Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, Ragnar Magnússon og Sjöfn Sigurgísladóttir við undirritun samningsins um hlývatnseldi á Flúðum.

og smáframleiðendur til að fullvinna vörur sínar til markaðssetningar.

Stofnað verður sérstakt félag um rekstur Matarsmiðjunnar á Flúðum og á næstunni mun starfsmaður verða ráðinn í fullt starf.

Hlývatnseldi á Flúðum

Hrunamannahreppur, Íslensk matorka ehf. og Matís ohf. undirrituðu í lok maí viljayfirlýsingu um uppbyggingu á orkufrekum matvælaíðnaði á Flúðum sem m.a. felur í sér hlývatnseldi á hvítum matfiski. Uppbyggingin verður unnin í samstarfi við Orkustofnun þar sem stofnunin verður leiðbeinandi og ráðgefandi.

Nýting á jarðhita og raforku skipta miklu fyrir atvinnulíf í Hrunamannahreppi. Hlývatnseldi byggist á nýtingu á



Stofnun Matarsmiðju, Ísólfr Gylfi Pálmason, Sjöfn Sigurgísladóttir, Ragnar Magnússon, og Guðjón Þorkelsson.

volgu vatni og raforku auk þess sem sérlega er hugað að sjálfbærni og vistvænum framleiðsluaðferðum. Slík uppbygging í orkufrekum matvælaíðnaði fellur vel að nýtingaráformum á orku- og jarðhita, öðrum matvælaíðnaði og matvælatengdri ferðamannþjónustu í sveitarfélaginu.

Gert er ráð fyrir að á annan tug nýrra starfa skapist við sjálft hlývatnseldið, auk þess sem fjöldi afleiddra starfa munu fylgja í kjölfarið.

Íslensk matorka sérhæfir sig í orkufrekum matvælaíðnaði til útflutnings. Markmið fyrirtækisins er að nýta íslenska orku á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt, skapa grunn að nýjum útflutnings- og atvinnutækifærum og efla nýsköpun og þróun.



Tölvuleikurinn Path to Ares sigrar í tölvuleikjakeppni IGI

Tölvuleikurinn **Path to Ares** sigraði í fyrstu árlegu tölvuleikjakeppni Samtaka leikjaframleiðenda á Íslandi en úrslitin voru kynnt í lok tölvuleikjadags IGI og Háskólans í Reykjavík um mánaðamótin. Alls bárust ellefu hugmyndir í keppnina frá tæplega þrjátíu aðilum. Sigurleikurinn fjallar um innrás geimvera og sá sem spilar leikinn tekur að sér hlutverk prófessors sem vaknar upp

við það að verið sé að breyta honum í erfðafræðilegan hermenn.

Leikurinn Fly on the Wall fékk sérstök aukaverðlaun en í honum er sá sem spilar leikinn fluga sem reynir að lifa af í heimi karlmanns sem vill hafa snyrtilegt í kringum sig. Leikurinn gengur út á að annað hvort flugan eða maðurinn lifa af. Flugan þarf að safna bakteríum og vírusum til að gera manninn veikan

og finna mat til að halda lífi. Þrjár hugmyndir að tölvuleikjum fengu sérstök hvatningarverðlaun. Það eru Preeschool sem er safn leikja fyrir yngri börn. Music Missile sem er flug- og tónlistarleikur fyrir iPhone. Og að lokum The Adventures of the Blue Pigeon sem fjallar um ofurhetju sem býr í Westward Point.

Íslenskir skróðgarð- yrkjunemar sigra á finnasterku finnsku móti

Lið nýútskrifaðra skróðgarðyrkjunema úr Landbúnaðarháskóla Íslands sigraði á finnsku móti í hellulögn, hleðslu og gróðursetningu sumarblóma helgina 12-13.júní. Fimm finnskir skólar í skróðgarðyrkju og eitt lið, sem skipað var finnskum kennurum í skróðgarðyrkju, kepptu auk þess íslenska. Birgir Axelsson og Guðmundur Vignir Þórðarson skipuðu liðið og fengu þeir 41,6 stig af 45 mögulegum. Stigin voru gefin fyrir nákvæmni, vinnubrögð og hugmyndaauði.

Guðmundur og Birgir urðu í 1. og 2. sæti á Íslandsmóti iðngreina sem haldið var í Smáralind um miðjan mars. Félag skróðgarðyrkjumeistara bauð þeim í kjölfarið að fara til Finnlands.



Henrik Boos formaður skróðgarðyrkjumeistara í Finnlandi, Hjörtur Jóhannsson dómari, Jouko Hannonen, dómari, Birgir Axelsson og Guðmundur Vignir Þórðarson keppendurnir sigursælu.

Yfir 5.000 glös seld á aðeins einum mánuði



Yfir 5.000 glös hafa selst af EGF BIOeffect™ húðdropunum á Íslandi, síðan Sif Cosmetics, dótturfélag ORF Líftækni, setti þá á markað fyrir mánuði síðan. Það nægir t.d. fyrir meira en 5% allra íslenskra kvenna yfir þrítugu. Það er greinilegt af þessum frábæru viðtökum og jákvæðum ummælum hundruða ánægðra notenda að húðdroparnir hafa fallið vel í kramið hjá íslenskum neytendum.

EGF BIOeffect húðdroparnir eru þróaðir á vísindalegum grunni og innihalda EGF frumuvaka sem hvetur endurnýjun húðfrumna. Þeir veita unglegra og frísklegra útlit, eru græðandi og veita húðinni aukinn raka. Mikil ánægja er með einfaldleika dropanna, en þeir innihalda aðeins efni sem eru nauðsynleg til að viðhalda virkni EGF frumuvakans, en engin rotvarnar-, lyktar- eða önnur aukaefni.



Vinnustaðaskírteini - nýr upplýsingavefur

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands og aðildarsamtaka þeirra undirrituðu þann 15. júní samkomulag um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum. Samkomulagið byggist á lögum nr. 42/2010 sem samþykkt voru á Alþingi 11. maí sl. um sama efni. Þau veita heildarsamtökum vinnumarkaðarins heimild til að semja um hvaða starfsgreinar falli undir gildissvið laganna hverju sinni.

Vinnustaðaskírteinum er meðal annars ætlað að vinna gegnsvartri atvinnustarfsemi.

Opnaður hefur verið nýr upplýsingavefur um vinnustaðaskírteinin á slóðinni www.skirteini.is. Þar er m.a. að finna samkomulag SA og ASÍ og leiðbeiningar um gerð vinnustaðaskírteina.

Stendur þú skil á þínu?

Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri annað hvort hægt að leggja hefðbundinn þjóðveg hringinn í kring um landið eða tvöfalda allar einbreiðar brýr, tvöfalda Hvalfjarðargöngin og leggja Sundabraut.

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!

